

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 145/1994 um gildistöku tilskipunar
Evrópubandalagsins um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 5. tölul. X. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Tilskipun ráðsins 84/539/EBE frá 17. september 1984 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafmagnslækningatæki fyrir menn og dýr öðlast því gildi hér á landi, sbr. 1. gr., með þeim breytingum sem leiðir af tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 varðandi lækningatæki.

3. gr.

EB-gerðirnar sem vísað er til í 1. og 2. gr., eru birtar í sérriti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 60/1979 um Rafmagns-eftirlit ríkisins, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1994.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 130/1994 um gildistöku tiltekinna tilskipana
Evrópubandalagsins um mælitæki.**

1. gr.

Ákvæði 1. gr. og f. liðar 2. gr. er vísar í 16. tölulið í IX. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun ráðsins 76/764/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kröfur til kvikasilfurs glerhitamæla með “maxima” álestri, fellur úr gildi frá og með 1. janúar 1995.